



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Alþingi  
Erindi nr. P 136/81  
komudagur 14.11.2008

13. nóvember 2008.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Umsógn um Frumvarp til laga um Efnahagsstofnun

Frumvarpinu svipar mjög til þeirra laga sem giltu um Þjóðhagsstofnun sem lögð var niður á árinu 2002. Helstu rök sem notuð voru fyrir niðurlagningu þeirrar stofnunar var að fjármálaráðuneytið og greiningardeildir bankanna gætu tekið við starfsemi.

Nú hafa greiningardeildir bankanna verið lagðar niður eða verulega dregið úr starfsemi þeirra. Þá hefur fjármálaráðuneytið ekki náð að setja efnahagsrannsóknir í þann forgang sem nauðsynlegur er, auk þess sem spár þeirra hafa ekki þótt hlutlausar. Það er því nauðsynlegra en áður að hér á landi starfi öflug, hlutlaus stofnun sem sinni almennum rannsóknum á efnahagssviði. Í erfiðu árferði er hlutverkið enn stærra, enda nauðsynlegt fyrir góða efnahagsstjórn á næstu árum að hafa vandaðar rannsóknir að byggja á.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnunin starfi á vegum Alþingis. Sú skipan myndi tryggja sjálfstæði stofnunarinnar, en þó tel ég rétt að setja yfir hana stjórn sem hafi yfirsýn yfir starfsemi stofnunarinnar. Þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður var gerð þjóðhagsreikninga færð undir Hagstofuna. Skoða verður sérstaklega hagkvæmni þess ef færa á þessa starfsemi undir Efnahagsstofnun eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í ákvæði til bráðabirgða er rætt um að setja á stofn þjóðhagsráð sem starfi til ársloka 2010. Tillaga þessi er um margt lík tillögu sem kemur fram í Tillögu til þingsályktunar um að stofna samvinnu- og efnahagsráð. Það er alltaf nauðsynlegt að samskipti á milli ráðamanna og helstu hagsmunasamtaka séu greið og aldrei sem nú. Hins vegar ég að slíkt ráð ætti fyrst og fremst að nota sem samráðsvettvang og leið til að koma mismunandi sjónarmiðum á framfæri við stjórnvöld.

Katrín Ólafsdóttir, lektor  
Viðskiptadeild  
Háskólans í Reykjavík  
Ofanleiti 2  
103 Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík  
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík  
Kringlan 1, 103 Reykjavík  
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík  
Sími/Tel: (+354) 599 6200  
Fax: (+354) 599 6201  
www.hr.is